

Dagsetning 7. febrúar 2013

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um skattafslátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu, mál 105.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun styður málið og telur að slíkur afsláttur geti haft þýðingu varðandi búsetuskilyrði launafólks á landsbyggðinni. Stofnunin telur eðlilegt að skattkerfinu sé beitt til að ná markmiðum í byggðamálum ekki síður en á ýmsum félagslegum sviðum.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.